



HAFNARFJÖRÐUR

Velferðarráðuneytið

31/5 2016

b.t. Eygló Harðardóttur, félags- og húsnaðismálaráðherra
Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu
150 REYKJAVÍK

Efni: Málefni barna og ungmenna með alvarlegar þroska- og geðraskanir.

Hafnarfjarðarkaupstaður vill koma á framfæri áhyggjum sínum af málefnum barna og ungmenna með alvarlegar þroska- og geðraskanir. Barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar er á hverjum tíma með í vinnslu málefni einstaklinga sem glíma við alvarlegan hegðunarvanda og gríðarlegur skortur er á viðeigandi úrræðum fyrir þennan hóp. Síðustu árin hefur Hafnarfjarðarkaupstaður keypt þjónustu af einkareknu vistheimili m.a. fyrir umrædda einstaklinga og hefur vistkostnaður á örfáum árum hækkað gríðarlega.

Í lok árs 2015 kom niðurstaða verkefnisstjórnar um faglegt og fjárhagslegt endurmat á yfirfærslu á þjónustu fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga. Í samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga sem gert var í kjölfarið og byggði á skýrslunni voru málefni barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir óleyst. Kostnaður vegna þessara mála lendir því af fullum þunga á sveitarfélögnum.

Á það hefur verið bent að samkvæmt 79. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, með síðari breytingum, er það hlutverk ríkisins að sjá til þess að tiltæk séu heimili og stofnanir sem veita börnum sérhæfða meðferð vegna alvarlegra hegðunarerfiðleika, vímuefnaneyslu og meintra afbrota. Hér með er því kallað eftir aðkomu ráðuneytisins og að unnið sé að lausn á þessum alvarlega vanda.

Hafnarfjarðarkaupstaður er tilbúinn til viðræðna um hvernig best sé staðið að lausn þessara mála og óskar eftir fundi með þér til að ræða málið frekar.

Virðingarfyllst,

Haraldur L. Haraldsson bæjarstjóri